


Elkem Ísland ehf
Grundartanga
301 Akranes



Reykjavík, 1. mars 2013
Tilvísun: UST20121000156/edk

Gögn móttækin - úrbótafrestur framlengdur


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu Norðuráls, dagsett 10. ágúst 2012 og bréf með eftirlitsskýrslu Elkem Ísland ehf, dagsett 3. september 2012, þar sem fjallað er um sameiginlegt frávik iðjuveranna tveggja sem kom fram við reglubundið eftirlit hjá báðum aðilum. Frávikið varðar að sólarhringsstyrkur SO_2 má ekki fara yfir leyfileg mörk oftast en sjö sinnum árlega skv. reglugerð 251/2002 en mældist 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum árið 2011 skv. sameiginlegri umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga.


Í áætlun um úrbætur á þessu fráviki, sem barst frá Norðuráli 31. ágúst sl., kom fram að verkfræðistofa hafi verið ráðin til að gera loftdreifilíkan þar sem leitað er eftir að meta með hvaða hætti efni eru að dreifast frá iðjuverunum og hvernig styrkur efna dreifist, byggt á vindáttum og vindstyrk. Þann 18. janúar sl. barst Umhverfisstofnun stöðumatsskýrsla með frum niðurstöðum hins nýja líkans og skilgreiningu á næstu skrefum, sem lúta m.a. að greiningu á mótvægisáðgerðum. Tekið er fram að enn er unnið að útreikningum dreifilíkans þar sem komið hefur í ljós að landslag við Grundartanga og skilgreining uppspretta útblásturs eru flóknari en búist var við. Norðurál og Elkem Ísland ehf. hafa skilgreint næstu skref m.t.t. þeirrar niðurstöðu sem líkanið hefur gefið til kynna. Fyrirhugað er að setja upp frekari mælibúnað og vinna að nánari greiningu á næstu mánuðum og í kjölfarið skilgreina mótvægisáðgerðir til að draga úr loftdreifingu og setja fram verkefnaáætlun til úrbóta ef þess verður þörf. Áætlað er að greiningu mótvægisáðgerða verði lokið í nóvember 2013.

Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og þær tímasetningar sem koma fram á bls. 6 í stöðumatsskýrslunni og veitir Norðuráli og Elkem Ísland ehf frest til 28. nóvember 2013 til að senda inn niðurstöður frekari greiningar og skilgreiningu á mótvægisáðgerðum ásamt úrbótaáætlun ef við á.

Umbeðin gögn skal senda til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, eða á netfangið
ust@ust.is

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

